



HRUNAMANNAHREPPUR

15. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR
KJÖRTÍMABILIÐ 2022 – 2026

2. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2023, þann 19. janúar kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Herbert Hauksson, Daði Geir Samúelsson og Halldóra Hjörleifsdóttir í farveru Alexöndru Rósar Jóhannesdóttur. Jón Bjarnason ritaði fundargerð í forföllum Aldísar Hafsteinsdóttur sveitarstjóra.

Jón Bjarnason setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

1. Fundargerð 252. fundar skipulagsnefndar frá 11. janúar sl. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 4. janúar sl.

Lögð fram fundargerð 252. fundar skipulagsnefndar frá 11. janúar sl. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 4. janúar sl.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

Mál nr. 20. Flúðir iðnaðarsvæði: Spennistöðvalóðir, Deiliskipulagsbreyting.

Lögð er fram umsókn frá Hrunamannahreppi er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis á Flúðum í Hrunamannahreppi. Koma þarf fyrir 3 smáum spennistöðvum í vaxandi iðnaðarbyggð. Breytingin samræmist aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 innan reits AT2. Að öðru leyti er ekki um að ræða breytingu á deiliskipulaginu og skilmálar haldast óbreyttir.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu.

Mál nr. 21. Miðfell 7: Lögbýlislóð og byggingarheimildir; Deiliskipulag.

Lögð er fram umsókn frá Herdísi Skúladóttir er varðar nýtt deiliskipulag fyrir land Miðfell 7, L234761. Innan deiliskipulagsins er gert er ráð fyrir stofnun lögbýlis, ásamt byggingu íbúðarhúss, hesthúss og tengdra mannvirkja.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir deiliskipulagið og þar með að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Mál nr. 22. Brúarhlöð; Land Haukhólts 1: Móttaka ferðamanna; Deiliskipulag.

Lögð var fram tillaga deiliskipulags sem tekur til Brúarhlaða L166757 í landi Haukhólts eftir auglýsingu. Deiliskipulagið tekur til um 6 ha svæðis á austurbakka Hvítár við Brúarhlöð þar sem gert er ráð fyrir uppbyggingu á aðstöðu fyrir ferðamenn. Umsagnir bárust á auglýsingatíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 23. Holtabyggð lóð 308: Holtabyggð land; Staðfesting á afmörkun lóðar.

Lögð er fram umsókn um staðfestingu á hnitsettri afmörkun lóðarinnar Holtabyggð lóð 308 L200527. Afmörkun lóðarinnar breytist örlítið frá skipulagi og málsettu lóðablaði sem fylgdi með stofnskjali á sínum tíma þar sem breytingin á afmörkun fer inn á Holtabyggð land L190742. Skráð stærð lóðarinnar í fasteignaskrá breytist ekki. Fyrir liggur samþykki eiganda lóðareiganda og lóðarhafa, sem og eiganda landsins sem breytingin nær inn á, fyrir hnitsetningu lóðarinnar.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við afmörkun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn, með fyrirvara um að unnin verði óveruleg breyting á deiliskipulagi svæðisins sem gerir grein fyrir breytttri legu lóðarinnar. Deiliskipulagsbreyting fái málsmeðferð á grundvelli 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki erindið.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir erindið.

Mál nr. 26. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 4. janúar sl.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 4. janúar sl.

Erindi til sveitarstjórnar:

2. Bréf frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu frá 29. desember 2022.

Lagt fram bréf frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu, þar er vísað í fyrra bréf frá ráðuneytinu um mögulega afturköllun staðfestingar mennta- og barnamálaráðgjafar á reglum um innritun og útskrift nemenda vegna Sérdeildar Suðurlands. Ráðuneytinu bárust svör frá Árborg, dags. 27. desember sl., um að áætlað væri að nýtt fyrirkomulag á Sérdeild suðurlands myndi taka gildi frá og með 1. ágúst 2023. Ráðuneytið mun því ekki aðhafast frekar vegna mögulegrar afturköllunar staðfestingar á reglum um innritun og útskrift nemenda vegna sérdeildar Suðurlands að svo stöddu, eða til 1. ágúst 2023.

Lagt fram til kynningar.

3. **Umsagnarbeiðni frá Svæðisskipulagsnefnd Suðurlandis frá 13. janúar 2023.**

Erindi Svæðisskipulagsnefndar Suðurlandis, dags. 13.01.2023, þar sem greinargerð og umhverfisskýrsla Svæðisskipulags Suðurlandis er send til kynningar skv. 2. mgr. 23. gr. skipulagslaga og 13. og 14. gr. laga um umhverfismat áætlana og framkvæmda. Umsagnarfrestur er til 12. febrúar 2023.

Lagt fram til kynningar og sveitarstjóra er falið að kynna umrædd gögn fyrir íbúum á heimasíðu sveitarfélagsins. Sveitarstjórn vísar einnig erindinu til umhverfisnefndar, afréttarmálanefndar og atvinnu- ferða- og menningarnefndar.

4. **Bréf frá framkvæmdastjórn Héraðsnefndar Árnassýslu frá 16. janúar 2023.**

Lagt fram bréf frá framkvæmdastjórn Héraðsnefndar Árnassýslu vegna húsnæðismála Héraðsskjalasafns Árneseinga. Í bréfinu eru óskað eftir samþykki aðildarsveitarfélaganna vegna kaupa og framkvæmda á Hellismýri 8 og þeim lánsskuldbindingum sem þeim fylgja að hámarki kr. 216.220.000,- að meðtaldri virðisaukavöð. Söluverð eigna og arfur Helga Ívarssonar munu aftur á móti duga til standsetningar hússins. Hluttur Hrunamannahrepps í Héraðsskjalasafni Árneseinga er 4,22% og því nemur hluttur sveitarfélagsins 9,1 m.kr..

Sveitarstjórn samþykkir kaupin og fagnar um leið því að nú skuli hafa verið náð þeim áfanga að Héraðsskjalasafn Árneseinga fái loksins gott og hentugt húsnæði fyrir starfsemi sína.

5. **Bréf frá Bergrisanum bs. frá 10. janúar 2023.**

Lagt fram bréf frá Bergrisanum þar sem óskað er eftir skipun fulltrúa á aukaaðalfund Bergrisans sem fram fer þann 20. febrúar n.k.

Sveitarstjórn samþykkir að eftirtaldir verði fulltrúar hennar á aukaaðalfundinum: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir og Daði Geir Samúelsson en til vara Herbert Hauksson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir.

6. **Bréf frá Orkídeu frá 12. janúar 2023.**

Lagt fram bréf frá Orkídeu þar sem lagt er til að boðað verði til fundar um nýsköpunartækifæri í Hrunamannahreppi í tengslum við auðlindir sveitarfélagsins. Fundurinn yrði haldinn í samvinnu sveitarstjórnar og Orkídeu. Á fundinum yrði lögð áhersla á stefnumótun og hugarflug í atvinnuuppbyggingu í Hrunamannahreppi og að efla tengingar milli frumkvöðla og sveitarfélagsins, nýsköpunarumhverfisins og fjárfesta.

Sveitarstjórn fagnar hugmyndum Orkídeu um hugarflugsfund í sveitarfélaginu og telur að slík vinna gæti undirbyggt það starf sem í gangi er varðandi gerð atvinnustefnu uppsveitanna. Hrunamannahreppur er ríkur af fjölbreyttum auðlindum sem fjölmargir nýta í dag til atvinnureksturs. Sá hópur er hugmyndaríkur og skapandi og því afar eftirsóknarvert að fá hann að borðinu þegar rætt er um framtíðaruppbyggingu atvinnulífs í sveitarfélaginu og þá möguleika sem þar gætu verið. Jafnframt er bréfinu vísað til umfjöllunar í atvinnu-ferða- og menningarnefnd.

7. **Bréf frá Ólafi B. Blöndal frá 10. janúar 2023.**

Lagt fram bréf frá Ólafi B. Blöndal þar sem óskað er eftir endurskoðun á skráningu á Ásatúnsvallarlandi í samræmi við breytta notkun landsins.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps gerir ekki athugasemd við að skilgreindur álagningaflokkur viðkomandi fasteigna verði breytt í takt við raunnotkun þeirra. Fyrir liggja drög að deiliskipulagi sem tekur til breyttrar notkunar viðkomandi svæðis og fasteigna innan þess.

8. Húsnæðisáætlun Hrunamannahrepps 2023.

Lögð fram Húsnæðisáætlun Hrunamannahrepps 2023 sem þegar hefur verið kynnt Húsnæðis- og mannvirkjastofnun sem gerði engar athugasemdir.

Sveitarstjórn samþykkir áætlunina en ljóst er að með henni eru lagðar metnaðarfullar línur um vöxt Hrunamannahrepps til framtíðar. Nýjar götur í nýju hverfi gefa vonir um vöxt umfram það sem raun hefur verið á undanförunum árum. Rétt er að minna á að áætlun sem þessi byggir á staðreyndum dagsins í dag sem allar geta breyst eins og við þekkjum vel í ljósi sögunar.

9. Drög að gjaldskrá fyrir Félagsheimili Hrunamanna 2023.

Lögð fram drög að gjaldskrá fyrir Félagsheimili Hrunamanna 2023.

Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána.

10. Drög að reglum um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti hjá elli- og örorkulífeyrisþegum í Hrunamannahreppi árið 2023.

Lögð fram drög að reglum um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti hjá elli- og örorkulífeyrisþegum í Hrunamannahreppi árið 2023.

Sveitarstjórn samþykkir reglur um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti hjá elli- og örorkulífeyrisþegum í Hrunamannahreppi árið 2023 með þeim breytingum sem ræddar voru á fundinum. Jafnframt er uppfærðum reglum um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti vísað til kynningar í samráðsnefnd um öldrunarmál í Hrunamannahreppi.

11. Drög að gjaldskrá Pésans fyrir árið 2023.

Lögð fram drög að gjaldskrá Pésans fyrir árið 2023

Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána með áorðnum breytingum.

12. Lántaka vegna fjárfestinga ársins 2023.

Lagt fram minnisblað frá sveitarstjóra vegna lántöku ársins 2023. Samkvæmt fjárhagsáætlun ársins 2023 er gert ráð fyrir að tekin verði ný langtímalán að upphæð kr. 360.000.000,- til fjármögnunar á fjárfestingum ársins er nema kr. 390.000.000,-

Sveitarstjórn samþykkir að óska eftir tímabundinni hækkun yfirdráttar sveitarfélagsins hjá Arionbanka enda efnahagsástand óljóst um þessar mundir. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

a. Héraðsnefnd Árnesinga: Fundargerð 28. aukafundar frá 10. janúar sl.

Lagt fram til kynningar.

b. Arnardrangur hses.: Fundargerð 1. stjórnarfundar frá 19. desember sl.

Lagt fram til kynningar.

c. Bergrisinn bs.: Fundargerð 47. stjórnarfundar frá 30. nóvember sl.

Lagt fram til kynningar.

d. Bergrisinn bs.: Fundargerð 48. stjórnarfundar frá 19. desember sl.

Lagt fram til kynningar.

Mál til kynningar:

e. Gullna hringborðið: Fundargerð 1. fundar frá 23. nóvember 2022 sem haldinn var á Þingvöllum, ásamt samantekt.

Lagt fram til kynningar.

f. Samstarfssamningur Bláskógabyggðar, Grímsnes- og Grafningshrepps, Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Hrunamannahrepps við Hestamannafélagið Jökul.

Lagt fram til kynningar.

g. Héraðsskjalasafn Árnesinga: Stefnumótun.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15:59